



Markaðsstofa Suðurlands

Stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands

símafundur 11. febrúar 2013 kl. 13.00 – 14.00

Á fundinn eru mættir, Davíð, Gunnar, Anna, Steingerður og Sigurdís sem ritar fundargerð.

Markaðsmál

- Markaðsátakið Winterwonderland.is
 - Kynninga á undirsíðu Northern Lights Company

Hugmynd komin upp hjá þeim sem vinna að þessari síðu með Davíð að setja upp undirsíðu þar sem Norðurljósum eru gerð góð skil. Aðilar innan MSS sem gera útá og sérhæfa sig í Norðurljósupplifun kæmu þá þar inn. Fyrirtæki verða að uppfylla viss skilyrði sem fara þarna inn. Hugmynd að útbúa sérstakt logo fyrir þetta verkefni. Ná ferðamönnum með þessu, sýna framá að það eru miklar líkur að sjá norðurljósin ef þú dvelur á suðurlandi. Reyna líka að ná til aðila, fyrirtæki sem gera útá norðuljósaupplifun, sem sjá hag sinn í að koma inní MSS með þessu verkefni.

Sýningar

- Þátttaka í Vildmarksmässan Stockholmi

Icelandair í Stokkhólmi. Vilja bjóða MSS að vera með í sýningunni á þessu ári. Neytendasýning, náttúru og útivistasýning. Davíð með hugmynd að senda Steingerði á þessa sýningu og vera með fyrirlestur þarna í leiðinni. Mikill áhuga í Svíþjóð á Íslandi. Stjórn felur Davíð og Steingerði með að athuga þetta mál.

Samstarfsaðilar á Suðurlandi

- Erindi Hestheima um gerð svæðakort á milli ána í Rangárvallarsýslu.

Stjórn telur þetta vera frekar verefni markaðs- og kynningsfulltrúa svæða, frekar en MSS. MSS hvetur Ferðaþjónustufyrirtækja viðkomandi svæðis að sækja eftir styrkum til þess að vinna svona verkefni.

- Þátttaka í átaki SAF og Íslandsstofu „Ísland allt árið“

Vorum með í þessu verefni á síðasta ári. Stjórn felur Davíð að meta þetta verkefni og vera í sambandi við okkur varðandi það síðar.

- Erindi frá Pink Iceland

Pink Iceland hefur hug á að taka þátt í PASSPORT Travel show sem er sölusýning haldin í New York í mars og er sérhæf fyrir hinseigin markhópinn. Pink Iceland sækir eftir fjárhagslegum stuðningi til Markaðsstofunnar. Davíð falið að ræða þetta við aðila sem þekkja til sýningarinnar og ræða við Pink Iceland um flæðið á þessu og fl.

- Erindi frá Around Iceland

Around Iceland Café er kaffihús og söluskrifstofa á ferðum þar sem hægt verður að **upplifa** hvern landshluta Íslands í máli og myndum. Útlit kaffihússins mun taka mið af sérkennum hvers landshluta fyrir sig samkvæmt samkomulagi ferðaþjónustuaðila. Fyrirtækið vill fá allar Markaðsstofur landshlutann í samstarf með þetta verefni. Þetta væri þá nokkurskonar landsbyggðarstofa. Gæti orðið vettvangur fyrir okkur sem staður til að koma og kynna okkar vörur. Davíð falið að setja sig í samband við hinar MSS og athuga hvað þær ætla að gera. Mjög spennandi verefni sem MSS ætlar að skoða.

- Erindi Gullkistan Laugarvatni

Gullkistan óskar eftir stuðningsyfirlýsingu Markaðsstofu Suðurlands vegna tilboðs um að leigja Héraðsskólann á Laugarvatni undir rekstur alþjóðlegsmenningar-og listaseturs.

Mss treystir sér ekki til að taka taka afstöðu til þeirra sem sækja eftir þessu húsnæði.

Önnur mál

- Aðalfundur 2013

Stjórn ákvað að Aðalfundur MSS verði haldinn 26. mars kl 11:00 á Hvolsvelli.

- annað

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 18. Mars kl 10 í Hróðstaðarhelli.

Fundi slitð kl 14:00.